

NÁMSGREIN **MYNDMENNT / SJÓNLISTIR** KENNSLUFIRLIT NÁMSÁRIÐ 2022- 2023

Bekkur: 6. bekkur

Kennari: Greta S. Guðmundsdóttir

- **Kennsluaðferðir:** Innlögn, myndasýningar, sýnikennsla, verkleg vinna ljósmyndaverkefni, heimavinna og samtal.
- **Námsefni:** Allt námsefnið er búið til og mótað af myndmenntakennara
- **Námsmat:** Leiðsagnarmat / Hæfniviðmið
- **Námsgögn:** Margskonar litir, pappír og verkfæri ásamt myndasýningum og fagorðabanka

Lykilhæfni: *Lögð verður áhersla á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.*

- *Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.*
- *Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.*
- *Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.*
- *Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.*
- *Notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám.*
- *Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.*

Tímabil	Verkefni	Markmið og leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
<p>Kennt er í fjórskiptum lotum:</p> <p>Hópur 1: 22.08 -30.10</p> <p>Hópur 2: 30.10 -15.01</p> <p>Hópur 3: 16.01- 17.03</p> <p>Hópur 4: 18.03 -07.06</p>	<p>Hugmyndabók</p> <p>Mynstur</p>	<p>Geti sett hugmyndir sínar á blað og unnið út frá þeim.</p> <p>Búa til sína eigin hugmyndabók og vinna verkefni og hugmyndir í hana</p> <p>Þekki heim mynstur, og hvað felst í orðinu mynstur og hvar finnum við það</p> <p>Geti skilgreint ýmsar tegundir mynsturs</p> <p>Þekki einkenni mynsturs eftir þjóðfélögum og menningarheimum og átti sig á mynstri náttúrunnar, mynstri í umhverfi sínu og mynstur daglegs lífs.</p> <p>Teikna mynstureiningar og mynstur</p> <p>Ljósmynda mynstur heima og í umhverfinu.</p>	<p><i>Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun,</i></p> <p><i>Nýtt sér í eigin sköpun grunnþætti myndlistar</i></p> <p><i>Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk</i></p> <p><i>Byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknun og reynslu</i></p> <p><i>Greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu</i></p> <p><i>Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.</i></p>	<p>Leiðsagnamat og hæfniviðmið.</p> <p>Verkefnin eru metin út frá vinnu /hugmyndavinnu, verklagi, virkni og svörun og viðbrögð við verkefninu í samræmi við hæfniviðmið</p>

	<p>Vasi/skál, Endurvinnsla.</p>	<p>Geti búið til hlut út frá eigin hugmynd að lokaverki.</p> <p>Fræðist um möguleika á endurvinnanlegu efni.</p> <p>Hugmyndavinna</p> <p>Búi til Skál/vasa úr endurvinnanlegu efni að fullunnum hlut</p> <p>Skreyti skál/vasa á persónulegan hátt með tengingu í mynstur</p> <p>Geti sagt frá og gert grein fyrir hugmynd sinni.</p>		
	<p>Abstrakt</p>	<p>Þekki orðið abstrakt og hvað það stendur fyrir</p> <p>Geti unnið abstrakt myndir úr margvíslegu efnivið</p> <p>Geti séð abstrakt í umhverfinu</p> <p>Kynning á abstraktlist</p> <p>Búa til 4-6 abstrakt myndir</p>		
	<p>Listasaga</p>	<p>Kynnist heimi myndlistarinnar og möguleika myndsköpunar.</p> <p>Kynnist og þekki ýmis listaverk og ýmsa listamenn.</p>		

		<p>Skrá skoðanir og tilfinningar í eigin sköpun</p> <p>Skilað inn á Google Classroom</p> <p>Þrjú ljósmyndaverkefni sem tengjast öðrum verkefnum í áfanganum: mynstur , skálar/vasi og abstrakt, þessum verkefnum er skilað á Google Classroom</p>		
	<p>Ljósmynda- verkefni og /heimavinna</p> <p>Orðaforði</p>	<p>Læri ný orð sem tengjast þeim verkefnum sem unnið er með</p>		